


Ísólfur Gylfi Pálason,
sveitarstjóri
Hlíðarvegur 16
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. febrúar 2012
Tilvísun: UST20111200075/ksj

Endurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra. Lýsing

Vísað er til erindis sveitarstjóra Rangárþings eystra er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra.

Stefnumörkun aðalskipulagsins

Í umfjöllun um stefnumörkun er varðar fristundabyggðir í lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Rangárþings eystra 2011-2023 kemur fram m.a. að: „*Fristundabyggð verði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útvistargildis. Gerð verði grein fyrir afmörkun slikra svæða í aðalskipulagi.*“

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreint markmið og önnur markmið er varða fristundabyggðir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæði á náttúruminjaskrá og svæði er falla undir sérstaka vernd skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 náttúruvernd, verði merkt sérstaklega og tekin frá sem náttúruminjar. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að sveitarfélagið skoði það að hverfisvernda náttúruminjar sem teljast mikilvægar innan sveitarfélagsins, og horfa þá til landslagsheilda frekar en til stakra svæða.

Varðandi stefnumörkun sveitarfélagsins er varðar fristundabyggðir þá tekur Umhverfisstofnun undir hana.

Skógrækt

Að mati Umhverfisstofnunar eru markmið um skógrækt skýr, og tekur stofnunin undir þau. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að lögð sé áhersla á að íslenskar tegundir eins og t.a.m. birki, reynir og ýmsar víðitegundir séu nýttar til skógræktar.

Hálendisvegir

Umhverfisstofnun tekur undir það að ekki sé gert ráð fyrir öðrum vegum á hálendi

sveitarfélagsins en þeim er sýndir eru á gildandi aðalskipulagi. Að mati stofnunarinnar eru skýr markmið eins og fram koma í lýsingu nauðsynleg til að draga úr akstri utan vega og því raski er slíkur akstur veldur.

Efnistaka, námur

Ekki liggur fyrir umfang eða staðsetning nýrra efnistökusvæða, þar af leiðandi vísar Umhverfisstofnun umfjöllun um námur til seinni stiga vinnslunnar.

Útivist í sátt við náttúruna

Umhverfisstofnun bendir á að ef áætlanir um skipulagsbreytingar á svæði við Skógræksdal eru fyrirhugaðar þá telji stofnunin að gera þurfi grein fyrir þeim í nýtri aðalskipulagstillögu. Í greinargerð um lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags kemur m.a. fram að: „*Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum verði mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.*” Umhverfisstofnun tekur undir markmiðið og telur það afar mikilvægt. Innan Rangárþings eystra liggja fjölmargar náttúruperlur sem eru fjölsóttar og með aukinni ferðaþjónustu og fleiri gestum sem sækja sveitarfélagið þá er mikilvægt að á skipulagsstigi sé hugsað fyrir leiðum til að koma í veg fyrir ágang á náttúruperlur þrátt fyrir aukningu ferðamanna.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun